



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ENSK1HA05

Hagnýt enska

Kennari/kennarar:	Filippía Huld Helgadóttir (FHH) filippiahuld@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing: Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytta texta, æfist í markvissri hlustun og tileinki sér aðalatriði í ensku tungumáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriðið sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin D, C, eða C+ úr grunnskóla

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál við mismunandi aðstæður
- lesa margs konar tegundir texta
- taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt
- tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa margskonar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál
- tileinka sér efni ritaðs texta
- lesa texta um ákveðin málefni, menningu, tækni- og iðngreinar
- tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu
- skrifa læsilega texta um margskonar efni og frá eigin brjósti

Námsefni:

Efni frá kennara á INNU

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá nánar á INNU undir heimavinna & markmið

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Lesskilnings og ritunarverkefni
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Munnlegt verkefni Lesskilnings og ritunarverkefni Smásögupróf
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Lesskilnings og ritunarverkefni Kvikmyndaverkefni Miðannarmatsviðtöl
13 - 16	7.- 30. apríl		Lesskilnings og ritunarverkefni Munnlegt verkefni
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Uppsóp

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma.

- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað.
- Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefnin sín.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu.
- Kennara er leyfilegt að gefa nemanda fjarvist sem fylgir ekki fyrirmælum kennara t.d. varðandi símanotkun eða þátttöku í tíma. Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.
- Þar sem stór hluti námsefnisins er á Innu þá er mælt til að nemendur mæti með tölvu í tímann. Hægt er að fá lánaða tölvu á bókasafninu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lesskilningur, hlustun og ritun	Smásögur og ýmiskonar verkefni tengd lesskilningi, hlustun og ritun	80%
Munnleg verkefni	Munnleg verkefni (x2, 10% hvort)	20%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.

- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu, 6 janúar 2026

Filippía Huld Helgadóttir